

Aðstaða til íþróttamenningar utandyra

Forseti, bæjarfulltrúar, bæjastjóri og aðrir fundargestir.

Ég heiti Guðjón Ívar Gränz og ég er fulltrúi Grundaskóla í ungmannaráði Akraness.

Þegar kemur að aðstöðu til íþróttamenningar utandyra á Akranesi er staðan í bæjarfélaginu okkar ekki svo alslæm en hana þarf að bæta. Hér eru hoppubelgir bæði á merkurtúni og svo neðan við akraneshöllina, þar höfum við einnig utandyra líkamsræktartæki og gaman væri ef hægt væri að fjölga þeim og þá t.d. við merkurtún og líka í skógræktina.

Við íbúar hér á Akranesi erum mjög heppin með þessa flottu skógrækt sem mætti bæta en frekar. Hægt væri t.d. að bæta öðrum hoppubelg þar og gera almennilegan grasvöll fyrir fótbolta. Í skógræktinni er flottur frisbígolfvöllur en mættu merkingarnar vera aðeins betri og sýnilegri.

Nú þegar líða fer að jólum fer maður að hugsa um börnin og okkur ungmannin og hvernig hægt væri að nýta utandyra íþróttaaðstöðurnar fyrir þau. Það sem mér dettur í hug væri t.d. það að opna skauta svell í bænum.

skólalóðirnar eru þeir staðir sem við ungmannin eyðum miklum tíma okkar og á skólalóðum bæjarins eru gervigrasvellir sem eru farnir að verða lélegir en það vantar að viðhalda þeim frekar og það er það sem skiptir máli og kemur í veg fyrir óþarfalslys.

Við skólalóðirnar okkar eru aðstöðunnar okkar mismunandi og það málefni sem mér finnst mikilvægast að komist að er körfubolaaðastaðan við Grundaskóla. Á skólalóðinni við Brekkubæjarskóla höfum við flottan og nýlegan körfuboltavöll, en við Grundaskóla er ekkert sambærilegt.

Á lóðinni við Grundaskóla höfum við einungis eina körfu með þremur spjöldum. Það eru tveir körfuboltavellir sem lítið sem ekkert hægt er að nota. Körfurnar á völlunum eru ekki í sömu hæð, einum vellinum vantar körfu. Erfitt er að spila körfubolta á steyptum velli þar sem slys get átt sér stað.

Ef við fengjum að ráða um hvernig körfuboltavöllur kæmi á lóð Grundaskóla, þá myndum við vilja gúmmí völl með tveimur stórum körfum en einnig með fjórum minni körfum svo hægt sé að spila á minni völlum. Völlurinn þyrfti að vera sléttur svo að boltinn rúlli ekki í burtu ef þú missir hann frá þér.

Ég vona að hugmyndir okkar hafi einhverskonar áhrif og að lokum vil ég fyrir hönd ungmannaráð Akraness þakka fyrir áheyrnina

Guðjón Ívar Gränz